

MÓTTÖKU-, FLOKKUNAR- OG FÖRGUNARSTÖÐ SORPS Á HÚSAVÍK, MEÐ BRENNSLU OG ORKUNÝTINGARKERFI

Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

Skipulagsstofnun hefur fengið til athugunar móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu og orkunýtingarkerfi, samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Sorpsamlag Þingeyinga ehf.

Framkvæmd kynnt í matsskýrslu: Bygging móttöku-, flokkunar- og förgunarstöðvar sorps á Húsavík, með brennslu og orkunýtingarkerfi.

Markmið framkvæmdar: Að koma á framtíðarlausn sorpmála á starfssvæði sorpsamlagsins sem nær til Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Tjörneshrepps, Aðaldælahrepps, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Ennfremur að endurnýta orku sem fæst við brennslu úrgangs til raforkuframleiðslu inn á orkuflutningsnetið.

Athugun Skipulagsstofnunar: Þann 20. apríl 2005 tilkynnti Sorpsamlag Þingeyinga ehf. framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 4. maí 2005 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu og Skránni þann 5. maí 2005. Matsskýrsla lá frammi til kynningar frá 4. maí til 15. júní 2005 á bæjarskrifstofu Húsavíkur og bókasafninu á Húsavík, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.tingey.is. Leitað var umsagnar Húsavíkurbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst engin athugasemd.

Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar:

Matsskýrsla: Móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu og orkunýtingarkerfi. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla ásamt viðaukum. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. og Náttúrustofa Norðausturlands. Apríl 2005.

Önnur gögn: Svör Sorpsamlags Þingeyinga ehf. við umsögnum og fyrirspurnum Skipulagsstofnunar dags. 15. júní, 5. og 6. júlí 2005.

2 UMSAGNIR

Umsagnir bárust frá:

Húsavíkurbæ með bréfi dags. 24. maí 2005.

Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. maí 2005.

Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 19. maí 2005.

Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. maí 2005.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í matsskýrslu er kynnt fyrirhuguð bygging móttöku-, flokkunar- og förgunarstöðvar sorps á Húsavík, með brennslu og orkunýtingarkerfi. Í fyrri áfanga er gert ráð fyrir að mögulegt verði að taka á móti allt að 8.000 tonnum af úrgangi á ári en að loknum seinni áfanga allt að 16.000 tonnum á ári. Fyrirhuguð staðsetning er á iðnaðarsvæði syðst í byggðinni við hlið Orkuveitu Húsavíkur, á lóðinni Víðimóar 2 og er sá kostur (A) lagður fram til athugunar Skipulagsstofnunar. Aðrir kostir sem eru kynntir til samanburðar eru lóð suðvestan Saltvíkurhúsa (B) og lóð miðja vegu milli Saltvíkurhúsa og orkustöðvar Orkuveitu Húsavíkur (C). Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við fyrri áfanga hefjist sumarið 2005 og starfsemi hefjist í janúar 2006. Ekki liggur fyrir hvort og hvenær síðari áfangi kemur til framkvæmda.

3.1 MÓTTÖKU OG FLOKKUNARSTÖÐ

Í matsskýrslu kemur fram að byggðar verði tvær samtengdar byggingar, þ.e. móttöku- og förgunarstöð og geymsla, alls um 1800 m². Tekið verði á móti öllum úrgangi innanhúss og fari öll starfsemi þar fram, utan þess að tveir geymslugámar, fyrir brotajárn og hjólbarða verði utandyra. Tekið verði við blönduðum heimilisúrgangi, blönduðum rekstrarúrgangi og flokkuðum úrvinnslugjaldsskildum úrgangi frá fyrirtækjum. Einnig verði tekið við timbri og öðru trjákyngi, keramíki, flísum, postulíni og öðru slíku óbrennanlegu, en flokkuðu og það kurlað og urðað með botnösku. Brotamálmar verði fluttir til Furu ehf. í Hafnarfirð. Spilliefni verði flokkuð og skráð og þau efni sem samlagið geti ekki brennt verði flutt til Endurvinnslunnar ehf. á Akureyri. Kurlaðir og heilir hjólbarðar verði brenndir svo og baggaplast og sláturúrgangur með þurfnisinnihaldi að lágmarki 50%. Fram kemur að sóttmengaður úrgangur eigi að berast í lokuðum ílátum sem losa megi beint í brennsluhólfin án snertingar við annan úrgang á gólfi og sama gildi um trúnaðarskjöl.

Samkvæmt matsskýrslu er í öðrum áfanga gert ráð fyrir að afköst aukist úr 8.000 tonnum á ári í 16.000 tonn á ári en samsetning sorps verði áþekk og í fyrsta áfanga.

3.2 SORPBRENNSLA

Í matsskýrslu kemur fram að brennslukerfið sem notast verði við sé af gerðinni Ener Waste Batch Oxidation System (B.O.S) og uppfylli alla staðla sem eru í gildi hér á landi. Kerfið sé hannað til að anna tilteknu magni af úrgangi á 240 rekstrardögum.

Fram kemur í matsskýrslu að brennsla í forbrennslurými fari fram við 540°C -560°C en 850°C í eftirbrennslurými nema þegar spilliefni verða brennd þá verði hitastig í eftirbrennslurými 1100°C. Í eftirbrennslurými geti brennarinn viðhaldið í það minnsta 850°C miðað við að brennt sé úr báðum forbrennslurýmum í einu en að minnst kosti 1100°C ef einungis verði brennt úr öðru forbrennslurýminu. Neyðarskorsteinn verði

notaður í þeim tilvikum þegar rekstrarstöðvun verði í hreinsibúnaði eða varmaskiptakerfi.

Hreinsibúnaður. Í matsskýrslu kemur fram að notast verði við þurrhreinsibúnað sem skiptist í hlutleysingarrými annars vegar og pokasíur hins vegar. Hönnun hreinsibúnaðar taki mið af afköstum við annan áfanga eða móttöku 16.000 tonna af sorpi á ári. Skorsteinn verði 16 m hár.

3.3 FRÁRENNSLI

Í matsskýrslu kemur fram að frárennsli frá neysluvatni og hreinlætisaðstöðu fari í rotþró þar til hið skipulagða svæði verði tengt fráveitukerfi bæjarins. Affall frá gólfum og plönnum fari í setþró inni í húsi, áður en það verði leitt út í safnbrunn, þar sem komið verði fyrir olfugildru. Þaðan verði affallið (0,02 l/sek) leitt í frárennislögn, ásamt bræðilagnavatni (12 l/sek), til sjávar við Haukamýrarlæk.

3.4 HÁVAÐI

Í matsskýrslu kemur fram að hávaði muni verða frá aukinni umferð um þjóðveg og frá blásara við reyk háf fyrirhugaðrar sorpbrennslu. Í 1 m fjarlægð frá blásara sé talið að hljóðstig verði 88 dB(A) en hljóðstig á lóðamörkum í 30 m fjarlægð sé áætlað 59 dB(A) og við þjóðveg í 130 m fjarlægð um 46 dB(A). Gert sé ráð fyrir því við hönnun mannvirkja að hægt verði að skerma af blásarann til þess að draga úr hávaða reynist hann valda óþægindum.

3.5 URÐUN

Í matsskýrslu kemur fram að botnaska frá brennslustöð, ef staðfest verður að hún telst vera óvirkur úrgangur, svo og óbrennanlegur úrgangur verði urðaður á urðunarsvæði í Laugardal, norðan Húsavíkur, í samræmi við starfsleyfi urðunarstaðarins útgefið 18. desember 2002. Á urðunarsvæðinu sé rými fyrir um 200.000 m³ af úrgangi en gert sé ráð fyrir að árleg urðun verði um 660 m³, þar af um 630 m³ af botnösku í fyrsta áfanga og tvöfalt það magn að fullnýttum afköstum annars áfanga. Fyrir liggur að í Laugardal sé hins vegar ekki framtíðar urðunarstaður en samkomulag sé um urðun þar, þar til annar urðunarstaður hefur fengið starfsleyfi.

Í matsskýrslu kemur fram að meðal annarra sorpförgunarleiða sem kannaðar hafi verið sé leit að hentugum urðunarstað á starfssvæðinu en ekki hafi náðst sátt meðal sveitarfélaga um staðsetningu. Einnig hafi verið kannaðir áframhaldandi flutningar baggaðs sorps til urðunar á Suðvesturlandi, sem ekki sé lausn til frambúðar. Kannað hafi verið samstarf við Eyfirðinga um sameiginlegan urðunarstað eða sameiginlega brennslu sem ekki hafi borið árangur. Vonir standi þó til um að samstarf geti tekist með Sorpsamlagi Þingeyinga og Sorpeyðingu Eyjafjarðar ef brennsla verði rekin á Húsavík og urðun í Eyjafirði.

3.6 ORKUNÝTING

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað sé að nýta varmaorku frá brennslunni til raforkuframleiðslu í orkustöð Orkuveitu Húsavíkur. Útblástursloftið berist 850°C heitt frá eftirbrennslurými. Miðað við hönnunarforsendur megi gera ráð fyrir því að framleiðslugeta rafmagns við fyrsta áfanga verði um 2.600 MWh á ári miðað við að punktafl verði 650 kW. Varmaorku sorpbrennslunnar sé einnig hægt að nota til að framleiða og afhenda heita gufu til iðnaðar, sem geti orðið um 8,5 tonn/klst við fyrsta áfanga eða um 24.500 tonn á ári.

3.7 AÐRIR KOSTIR

Fjallað er um aðra kosti sem skoðaðir voru með tilliti til staðsetningar móttöku-, flokkunar- og förgunarstöðvarinnar en þeir eru ekki lagðir fram til athugunar Skipulagsstofnunar.

Kostur B, lóð suðvestan Saltvíkurhúsa. Í matsskýrslu kemur fram að lóðin sé um 1 km frá aðveituæðinni frá Hveravöllum og 150 m austan Þjóðvegjar. Helsti ókostur lóðarinnar sé fjarlægð frá aðveituæðinni frá Hveravöllum og öðrum iðnaðarmannvirkjum. Tenging við aðveituæðina verði því dýrari en vegna staðsetningar skv. kosti A á lóðinni Víðimóar 2 við hlið Orkuveitu Húsavíkur.

Kostur C, lóð um miðja vegu milli Saltvíkurhúsa og orkustöðvar Orkuveitu Húsavíkur. Í matsskýrslu kemur fram að lóðin sé í um 1,4 km fjarlægð frá orkustöðinni, rétt við aðveituæðina frá Hveravöllum og um 400 m austan Þjóðvegjar. Helsti ókostur lóðarinnar sé fjarlægð hennar frá mannvirkjum.

Núllkostur. Fram kemur í matsskýrslu að ástæður fyrir því að núverandi ástand þyki ekki vænlegt til frambúðar séu kostnaður, rekstraröryggi félagsins, minni áhrif af starfseminni í atvinnulegu tilliti og takmarkaðir möguleikar á aukinni endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs.

4 UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDAR SAMKVÆMT FRAMLÖGÐUM GÖGNUM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

4.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

4.1.1 Áhrif á skipulag

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðið er á lóð á skilgreindu iðnaðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005 og samkvæmt deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Suðurbæ frá 2. október 1997.

4.1.2 Forsendur framkvæmdarinnar

Í matsskýrslu kemur fram að sorpförgunarþörf á samlagssvæðinu sé um 8.000 tonn á ári en brennslustöðin muni afkasta um 5.000 tonnum miðað við tiltekna samsetningu sorpsins og 240 brennsludaga á ári eða um 8.000 tonn á 365 brennsludögum og allt að 16.000 tonnum að loknum öðrum áfanga.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að íbúar á þjónustusvæði sorpsamlagsins séu um 4000 talsins og sé gengið út frá því að brennslustöðin geti tekið á móti allt að 8.000 tonnum af úrgangi í 1. áfanga og allt að 2.000 tonnum af hjólbörðum á ári frá öðrum svæðum en starfssvæði félagsins. Afköst brennslunnar séu afar há miðað við það magn sem reiknað sé með að falli til, en samkvæmt landsmeðaltali falli til um 350 kg af heimilisúrgangi á hvern íbúa og um 500 kg af rekstrarúrgangi og ekki sé allur úrgangur brennanlegur.

Í svörum Sorpsamlags Þingeyinga kemur fram að afköst brennslunnar séu miðuð við að í framtíðinni komi sorp til dæmis úr Eyjafirði og að á svæðinu verði einhvers konar stóriðja með tilheyrandi íbúapróun og sorpmyndun í samhengi við það. Áætluð afköst séu í þessu ljósi hæfileg og óráðlegt að miða við óbreytta sorpmyndun í héraðinu til framtíðar.

4.1.3 Hættulegur úrgangur

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í matsskýrslu sé ekki tilgreint magn spilliefna og sóttmengaðs úrgangs sem gert sé ráð fyrir að tekið verði á móti í förgunarstöðinni. Bent er á að áður en starfsleyfi er veitt þurfi að liggja fyrir upplýsingar um magn spilliefna og sóttmengaðs úrgangs enda þurfi í starfsleyfi að tilgreina það magn sem förgunarstöðinni verður heimilt að meðhöndla.

Í svörum Sorpsamlags Þingeyinga kemur fram að unnið sé að kafla starfsleyfis um móttöku og meðhöndlun spilliefna í samstarfi við Umhverfisstofnun og sé þar stuðst við hliðstæðan kafla í starfsleyfi Kólku í Reykjanesbæ.

Í frekari svörum Sorpsamlags Þingeyinga kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Endurvinnslunni ehf. á Akureyri, sem safnar spilliefnum á Norður- og Austurlandi, sé tekið á móti um 70 tonnum á ári og séu 20-30 tonn af því í vökvaformi. Ennfremur kemur fram að þessar magntölur sé unnt að nota gagnvart fyrirhugaðri framkvæmd á Húsavík. Fram kemur að stöðin á Húsavík muni líklega geta eytt öllum spilliefnum nema þeim sem séu í vökvaformi.

4.1.4 Sjónræn áhrif

Í matsskýrslu kemur fram að mannvirkin muni fyrst og fremst sjást frá þjóðvegi 85 og Kaldbak og verði áhrif nokkur. Gert er ráð fyrir að húsin verði með silfurgrárrí klæðningu í samræmi við hús sem fyrir eru í nágrenninu. Gert er ráð fyrir að planta trjám/runnum á lóðamörkum til að draga úr sjónrænum áhrifum. Staðlar og kröfur sem gerðar séu til brennslu- og hreinsunartækja sorpbrennslunnar eigi að sjá til þess að ekki verði sjónmengun af reyk.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur að fyrirhuguð plöntun trjáa/runna muni draga úr sjónrænum áhrifum og í ljósi reynslu af brennslustöð Sorpeyðingar Suðurnesja séu ekki líkur á að sjónmengun verði af útblæstri.

4.1.5 Áhrif á hljóðvist

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að lögbýlið Kaldbakur sé í um 250 m fjarlægð frá lóðamörkum og sé fjarlægðin fremur lítil miðað við umfang framkvæmdarinnar. Samkvæmt útreikningum verði hávaði frá blásara 46 dB(A) við þjóðveg og því innan viðmiðunargilda. Bent er á að ekki sé fjallað í matsskýrslunni um hávaða frá umferð.

Í svörum Sorpsamlags Þingeyinga kemur fram að í ljósi umferðar síðustu ára vegna sorpförgunar, þ.e. að meðaltali 5 komur verktaka og söfnunaraðila á dag, 15 komur frá fyrirtækjum og einstaklingum á dag og áætlun um umferðaraukningu séu ekki líkur á að hávaði frá umferð fari yfir viðmiðunarmörk skv. reglugerð nr. 933/1999.

4.1.6 Áhrif á loftgæði

Í matsskýrslu kemur fram að styrkur mengunarefna í útblæstri verði langt undir umhverfismörkum reglugerðar nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með tilliti til fremur lítillar fjarlægðar fyrirhugaðrar förgunarstöðvar frá nærliggjandi byggingum megi ætla að einhver óþægindi muni stafa af fyrirhugaðri starfsemi jafnvel þó að losun mengandi efna reynist vera vel innan settra marka. Ennfremur að upp geti komið sú staða að farið verði yfir losunarmörk, t.d. vegna tæknilegra orsaka eða óhagstæðra

veðurfarsaðstæðna. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að fyrir liggi samþykkt viðbragðsáætlun sem tekur m.a. á ofangreindu, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Í svörum Sorpsamlags Þingeyinga kemur fram að unnið verði að undirbúningi viðbragðsáætlunar í samráði við Umhverfisstofnun og farið að leiðbeiningum stofnunarinnar við gerð starfsleyfis.

4.1.7 Vöktun

Í matsskýrslu kemur fram að stöðugar mælingar verði á SO₂, CO, O₂, HCL, HF og ryki í útblæstri en nánar verði greint frá vöktunarferli í starfsleyfi.

4.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðinni Víðimóar 2 muni raska gömlum reiðgötum sem hafa legið um svæðið en nú sjáist aðeins leifar af þeim þar sem búið er að raska hluta svæðisins.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að sú skráning sem gerð hefur verið á leifum gömlu gatnanna sé fullnægjandi mótvægisáðgerð.

4.3 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Í matsskýrslu kemur fram að gróður á framkvæmdasvæðinu einkennist af því að landið er töluvert raskað og ólíklegt sé með hliðsjón af gróðurfari svæðisins að framkvæmdin raski mikilvægu búsvæði fugla.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að á framkvæmdasvæðinu finnist sjaldgæfar tegundir háplantan miðað við gróðurúttekt frá árinu 1983.

5 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Sorpsamlag Þingeyinga hefur tilkynnt til athugunar, samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu og orkunýtingarkerfi. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á framtíðarlausn sorpmála á starfsvæði sorpsamlagsins sem nær til Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Tjörneshrepps, Aðaldælahrepps, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að mögulegt verði að taka á móti allt að 8.000 tonnum af úrgangi á ári og að loknum öðrum áfanga allt að 16.000 tonnum á ári en m.a. er miðað við að í framtíðinni verði unnt að taka á móti sorpi annars staðar frá. Fyrirhuguð staðsetning framkvæmdarinnar er á iðnaðarsvæði syðst í byggðinni við hlið Orkuveitu Húsavíkur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við fyrsta áfanga hefjist sumarið 2005 og starfsemi hefjist í janúar 2006. Ekki liggur fyrir hvort og þá hvenær annar áfangi kemur til framkvæmda.

5.1 ÁHRIF Á HLJÓÐVIST OG LOFTGÆÐI

Fyrir liggur samkvæmt framlögðum gögnum Sorpsamlags Þingeyinga að hávaði muni aukast á fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar m.a. vegna hávaða frá blásara við reyksháf sorpbrennslunnar og aukinnar umferðar sorpbíla. Fram kemur að unnt sé að draga úr hávaða frá blásara við hönnun framkvæmdarinnar og að í ljósi umferðar síðustu ára og áætlunar um umferðaraukningu séu ekki líkur á að hávaði frá umferð fari yfir viðmiðunarmörk skv. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Samkvæmt framlögðum gögnum sorpsamlagsins og Umhverfisstofnunar verður loftmengun frá brennslustöðinni langt undir mörkum mengunarvarnareglugerðar. Umhverfisstofnun hefur bent á að þar sem stutt er frá fyrirhugaðri förgunarstöð í nærliggjandi byggð sé nauðsynlegt að fyrir liggi viðbragðsáætlun, sem unnin hafi verið í samráði við Umhverfisstofnun, komi upp sú staða að farið verði yfir losunarmörk mengunarefna í útblæstri.

Skipulagsstofnun telur að vegna lítillar fjarlægðar fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir frá nærliggjandi byggingum megi ætla að einhver óþægindi muni stafa af starfseminni. Áhrif á hljóðvist og loftgæði á áhrifasvæði framkvæmdarinnar verði ekki verulega neikvæð verði staðið að vöktun eins og fram hefur komið í framlögðum gögnum Sorpsamlags Þingeyinga og gripið til þeirra mótvægisáðgerða sem kynntar hafa verið ef þörf krefur. Skipulagsstofnun telur að við hönnun mannvirkja þurfi að huga sérstaklega að því að draga úr áhrifum hávaða og ónæðis af völdum starfseminnar. Skipulagsstofnun telur að unnið sé á ásættanlegan hátt að undirbúningi viðbragðsáætlunar vegna mögulegrar tímabundinnar loftmengunar í samstarfi við Umhverfisstofnun.

5.2 ÁHRIF VEGNA SPILLIEFNA OG SÓTTMENGÆÐS ÚRGANGS

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að áður en starfsleyfi er veitt þurfi að liggja fyrir upplýsingar um magn spilliefna og sóttmengæðs úrgangs sem ætlunin er að förgunarstöðinni verði heimilt að meðhöndla. Í framlögðum gögnum Sorpsamlags Þingeyinga hefur verið bent á að unnið sé, í samstarfi við Umhverfisstofnun, að þeim kafla starfsleyfis sem fjallar um móttöku og meðhöndlun spilliefna.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði ekki verulega neikvæð hvað þetta varðar.

5.3 SJÓNÆN ÁHRIF OG ÁHRIF Á GRÓÐUR, DÝRALÍF OG MENNINGARMINJAR

Samkvæmt framlögðum gögnum Sorpsamlags Þingeyinga er m.a. gert ráð fyrir að mannvirkin verði í samræmi við hús sem fyrir eru á framkvæmdasvæðinu til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur að í ljósi reynslu af brennslustöð Sorpeyðingar Suðurnesja séu ekki líkur á að sjónmengun verði af útblæstri. Samkvæmt framlögðum gögnum er fyrirhugað framkvæmdasvæði raskað og gróður og dýralíf ekki sérstætt. Skráning hefur farið fram á menningarmínjum á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér veruleg sjónræn áhrif, veruleg áhrif á gróður, dýralíf og menningarmínjar.

5.4 NIÐURSTAÐA

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við athugun, umsagna og svara framkvæmdaraðila við þeim er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu og orkunýtingarkerfi muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitingar vegna fyrirhugaðrar sorpförgunar bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Húsavíkur 1985-2005 og deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Suðurbæ frá 2. október 1997.
- Framkvæmdin er háð leyfisveitingum Húsavíkurbæjar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerð um brennslu úrgangs.

Fyrir liggur að miðað við fyrirhugaða urðun á botnösku og öðrum óvirkum úrgangi muni núverandi urðunarstaður í Laugardal, norðan Húsavíkur, duga til langs tíma. Fram hefur komið að staðurinn er ekki til frambúðar en að samkomulag sé um urðun þar, þar til annar urðunarstaður hefur fengið starfsleyfi.

6 ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram samkvæmt 10. gr. sömu laga af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík, með brennslu og orkunýtingarkerfi.

7 KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 106/2000 má kæra úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. ágúst 2005.

Reykjavík, 11. júlí 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F. Þóroddsson